

Ed.

435. Breytingartillögur

[156. mál]

við frv. til l. um bændaskóla.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Hér á landi skulu vera þrjár skólar, er veita verklega og bóklega menntun bændaeftnum og öðrum þeim, er hyggjast gera landbúnaðarstörf að lífsstarfi sínu. Skulu þeir vera að Hólum í Hjaltadal, Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji á Suðurlandi, þegar lokið er byggingu skólahúss og öðrum nauðsynlegum undirbúningi. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. Við 4. gr. Upphaf 1. málsgr. hljóði svo:

Við hvern skóla um sig ...

3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er ráðherra, eftir tillögum skólastjóra bændaskólanna, að ákveða verkaskiptingu milli skólanna í einstökum greinum, svo og að ákveða um eitt ár í senn, að einungis önnur deild eins eða tveggja skólanna starfi.